



Rannsókn á ofbeldi í samböndum meðal unglinga
Námsefnið *Örugg saman*

Guðbjörg Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsókn á ofbeldi í samböndum meðal unglinga
Námsefnið *Örugg saman*

Guðbjörg Björnsdóttir
050782-3879

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Umsjónarkennari: Chien Tai Shill

Leiðbeinandi: Jenný Ingudóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Guðbjörg Björnsdóttir 2011

Prentun: Samskipti
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um rannsókn á ofbeldi í nánum samböndum unglunga. Þá verður fjallað um hvernig koma megi í veg fyrir slíkt ofbeldi með þar til gerðu forvarnarefni.

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt. Annars vegar var ætlunin að fá upplýsingar um hversu algengt andlegt og líkamlegt ofbeldi væri í nánum samböndum unglunga en það hefur ekki verið kannað hér á landi áður. Hins vegar var ætlunin að skoða viðhorf og staðalímyndir kynjanna (e. *gender stereotyping*) unglinganna og hvort munur væri á kynjum í því samhengi. Við gerð rannsóknarinnar var spurningalisti lagður fyrir nemendur í 8.-10. bekk fjögurra grunnskóla.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að almennt voru unglingar á móti því að ofbeldi væri beitt í samböndum. Af þeim sem höfðu jákvæð viðhorf til ofbeldis voru drengir í augljósum meirihluta. Þá var afstaða þeirra til staðalímynda kynjanna karllægari en stúlkanna.

Af þeim unglingum sem höfðu verið í föstu sambandi höfðu rúm 60% beitt einhverri tegund andlegs ofbeldis að minnsta kosti einu sinni, 36% einhverri tegund líkamlegs ofbeldis að minnsta kosti einu sinni og tæplega 5% einhverri tegund kynferðislegs ofbeldis að minnsta kosti einu sinni. Þá höfðu tæplega 77% þeirra sem höfðu verið í föstu sambandi verið beitt andlegu ofbeldi að minnsta kosti einu sinni, 49% líkamlegu ofbeldi að minnsta kosti einu sinni og 14% höfðu verið beitt kynferðislegu ofbeldi að minnsta kosti einu sinni.

Í ljósi þess hversu algengt andlegt og líkamlegt ofbeldi er og hversu vel forvarnarefnið *Örugg saman* (e. *Safe Dates*) hefur reynst erlendis er full ástæða til að slíkt námsefni verði notað í þeim tilgangi að draga úr ofbeldi milli unglunga hér á landi.

Þakkir

Ég vil byrja á að þakka Lýðheilsustöð fyrir að gefa mér tækifæri til að taka þátt í þessu spennandi verkefni. Þá vil ég þakka Berglindi Guðmundsdóttur sálfræðingi og Jennýju Ingudóttur verkefnastjóra Lýðheilsustöðvar sem jafnframt var leiðbeinandi verkefnisins fyrir frábæra leiðsögn og hvatningu við gerð þessarar rannsóknar. Einnig vil ég þakka Chien Tai Shill fyrir að hafa umsjón með verkefninu og Hrafni Arnórssyni fyrir yfirlestur. Að lokum vil ég svo þakka eiginmanni mínum, Guðjóni Inga Guðjónssyni, fyrir ómetanlega aðstoð meðal annars við yfirlestur og leiðbeiningar.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Félagsráðgjöf	8
2. Ofbeldi í samböndum	10
2.1 Kenningar tengdar ofbeldi	10
2.1.1 Félagsnámskenningin	10
2.1.2 Feminískar kenningar	11
2.2 Tíðni ofbeldis í samböndum	11
2.2.1 Tíðni á heimsvísu	11
2.2.2 Tíðni í Bandaríkjunum	12
2.2.3 Kynjamunur	13
2.2.4 Tíðni í Evrópu	14
2.2.5 Tíðni á Íslandi	15
2.3 Tegundir ofbeldis í samböndum	16
2.4 Viðhorf ungmenna til ofbeldis.....	18
2.5 Afleiðingar ofbeldis	19
3. Forvarnir – Námsfnið <i>Örugg saman</i>	21
3.1 Uppbygging námsfnsins	21
3.3 Reynsla af námsfnninu	22
4. Aðferð	24
5. Niðurstöður	30
5.1 Andlegt ofbeldi	30
5.1.1 Gerendur	30
5.1.2 Þolendur.....	31
5.2 Líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi	32
5.2.1 Gerendur	33
5.2.2 Þolendur.....	34
5.3 Viðhorf	35
5.4 Staðalímyndir kynjanna	36
6. Umræða	38
Lokaorð	41
Heimildir.....	42
Viðauki: Spurningalistinn	47

Inngangur

Víða hefur ofbeldi í samböndum verið rannsakað, en þá helst heimilisofbeldi, enda brýn þörf á slíkum rannsóknum þar sem heimilisofbeldi er sannarlega félagslegt vandamál sem ekki má gleymast. Til að mynda hefur tilkynningum til barnaverndar um ofbeldi gegn börnum farið ört fjölgandi á síðastliðnum árum (Barnaverndarstofa, 2010). Á sama tíma hefur fjöldi kvenna sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu vegna ofbeldis á heimilum einnig aukist jafnt og þétt á síðustu árum (Samtök um kvennaathvarf, 2009). Þó nokkuð hefur verið skrifað um ofbeldi gegn börnum og konum hér á landi en í allri þeirri umfjöllun hefur þó lítið verið hugað að ofbeldi í samböndum unglinga. Mjög mikilvægt er að ofbeldi í samböndum unglinga sé einnig rannsakað því erlendar rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi á sér ekki síður stað þeirra á milli og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolendur þess líkt og meðal fullorðinna.

Ofbeldi í samböndum almennt hefur mikil áhrif á þolendur þess og skiptir því máli fyrir samfélagið að þeim sé komið til hjálpar. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt að þolendur ofbeldis í samböndum þjáist frekar af kvíða og þunglyndi (Krug, Mercy, Dahlberg og Zwi, 2002; Campbell, 2002) en aðrir og glími frekar við áfallastreituröskun (Campbell, 2002; Mechanic, Weaver og Resick, 2008) og sjálfsvígshugsanir í kjölfar ofbeldisins (Krug o.fl., 2002; Campbell, 2002).

Þessi ritgerð fjallar um rannsókn á ofbeldi og viðhorfum til ofbeldis í samböndum unglinga. Viðhorf er meðal fjölmargra þátta sem hafa áhrif á hvort ofbeldi sé beitt. Þar sem jákvæð viðhorf viðgangast eru auknar líkur á að ofbeldi sé beitt (Foshee, Linder, MacDougall og Bangdiwala, 2001).

Rannsóknin var gerð í samstarfi við Lýðheilsustöð sem sá um að þýða námsefni og hafði yfirumsjón með fyrirlögn. Markmið Lýðheilsustöðvar með verkefninu var að prufukeyra bandaríska námsefnið *Safe dates* (Örugg saman) og um leið sjá hvort þörf sé á slíku námsefni hér á landi. Byrjað var á að forprófa spurningalista og dæmisögur úr námsefninu til að aðlaga íslenskum aðstæðum (Foshee, Benefield, Ennett, Bauman og Suchindran, 2004b; Foshee, Bauman, Ennett, Suchindran, Benefield, og Linder, 2005). Spurningalistinn var svo lagður fyrir nemendur á unglingastigi fjögurra grunnskóla og viðhorf þeirra til ofbeldis í samböndum könnuð ásamt fleiru. Í tveimur af skólunum fjórum fengu

unglingarnir svo námsefnið *Örugg saman* og þar með meðal annars fræðslu um heilbrigð sambönd og um ofbeldi í samböndum. Í lok kennslu var spurningalistinn lagður fyrir öðru sinni í öllum fjórum skólunum og kannað hvort námsefnið hefði haft áhrif á viðhorf þeirra unglunga sem fengu kennsluna. Í þessari rannsókn verður þó einungis unnið með gögn eftir fyrstu fyrirlögn.

Eins og áður sagði hefur lítið verið hugað að ofbeldi í samböndum unglunga. Af þeirri ástæðu hefur ekki komið fram hver tíðni ofbeldis í samböndum þeirra er og ekki heldur hvernig almennt viðhorf unglunga til ofbeldis er. Því þótti við hæfi að rannsóknarspurningar snéru að viðhorfum og tíðni ofbeldis. Rannsóknarspurningarnar snéru annars vegar að þolendum og gerendum líkamlegs og andlegs ofbeldis og hins vegar að viðhorfi unglunga til ofbeldis og afstöðu þeirra til staðalímynda kynjanna.

Áður en rannsóknarspurningunum verður svarað verður farið yfir þær rannsóknir sem áður hafa verið gerðar um efnið. Fjallað verður um hvernig félagsráðgjafar geta unnið að málefnum sem tengjast ofbeldi í samböndum unglunga. Þá verður fjallað um ofbeldi í samböndum þar sem gerð er grein fyrir helstu kenningum, tíðni, tegundum og viðhorfi til ofbeldis og afleiðingum þess. Þá verður að endingu fjallað um uppbyggingu námsefnisins *Örugg saman* og reynsluna af því.

1. Félagsráðgjöf

Starf félagsráðgjafa gengur mikið til út á valdeflingu þar sem markmiðið er að fagfólk noti þekkingu sína til að efla skjólstæðinga til að hafa sjálfir áhrif á aðstæður sínar, þ.e. hjálp til sjálfshjálpar (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). En í 2. grein siðareglna félagsráðgjafa segir einmitt að hlutverk félagsráðgjafa sé að upplýsa skjólstæðing um réttindi og skyldur sem og úrræði og hjálparmöguleika. Einnig kemur þar fram að félagsráðgjafi skuli virða og verja rétt einstaklinga til einkalífs og sjálfsákvörðunarréttar (Landlæknisembættið, e.d.). Til að hjálp til sjálfshjálpar verði sem áhrifaríkust er mikilvægt að fagfólkið sé vel menntað og hafi þekkingu til að sinna rannsóknarstörfum (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Starfssvið félagsráðgjafa flokkast í tvö megin svið, þau eru heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta með undirsviðum. Til viðbótar má nefna svokallaða sérstaka málaflokka félagsráðgjafar sem eru til að mynda aldraðir, ungmenni og fatlaðir. Sérþróaðar aðferðir á borð við einstaklings-, hóp- eða fjölskyldumeðferðir eru notaðar í vinnu í þessum málaflokkum og er það form notað sem hentar hverju sinni (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Sigurlaug Hauksdóttir (2006) skrifaði um forvarnarstarf um kynheilbrigði: Unglingamóttöku og félagsráðgjöf. Á Íslandi voru starfandi unglíngamóttökur með það að markmiði til dæmis að bæta lífsgæði og aðstæður unglíngna með því að fækka og koma í veg fyrir ótímabærar þunganir með fræðslu og ráðgjöf. Þar fór einnig fram greining á geðsjúkdómum og tilfinningalegum vandkvæðum og brugðist við þeim vanda. Unglíngar voru hvattir til heilbrigðari lífnaðarháttanna en þá þurfti að greina og hafa áhrif á áhættuhegðun þeirra. Með áhættuhegðun er átt við reykingar, fíkniefnaneyslu og ofneyslu áfengis. Einn mikilvægasti þátturinn að mati höfundar er að unglíngar voru aðstoðaðir við uppbyggingu sjálfsmyndar og sjálfsöryggis í kynheilbrigðismálum og þeim gert kleift að taka á málum áður en þau yrðu þeim ofviða. Starfssvið félagsráðgjafa fellur vel að vinnu á unglíngamóttöku þar sem áherslan er á kerfisnálgun og tengslanet en félagsráðgjafar vinna einmitt að því að efla samvinnu milli heimilis, skóla, félagsmiðstöðva, félagsþjónustu og heilsugæslu. Með þeirri aðferð að nota skipulagða fræðslu með námskeiðum og hópavinnu bæði fyrir ungmenni og foreldra þeirra er mögulegt að vinna með viðhorf og hæfni og koma þannig í veg

fyrir seinni tíma vandamál. Í þessu samhengi geta félagsráðgjafar boðið upp á ráðgjöf og aðstoð meðal annars varðandi tilfinningar, samskipti við hitt kynið og kynferðislegt ofbeldi. Einungis ein unglingamóttaka er enn starfandi, en hún er á Akureyri.

Eins og áður sagði gengur félagsráðgjöf mikið út á valdeflingu. Hvað varðar ofbeldi milli unglunga vill Bergman (1992) meina að valdeflingarnálgun félagsráðgjafa sé sérstaklega mikilvæg í vinnu með unglingum þar sem þeir eru á viðkvæmu þroskaskeiði þar sem sjálfstæði og sjálfsstjórn eru að mótast. Valdefling unglunga ætti að ýta undir að þeir leiti í heilbrigð sambönd. Starfssvið félagsráðgjafa fellur vel að forvarnavinnu þar sem bæði foreldrar og unglingar fá fræðslu um ofbeldi í samböndum. Kynferðislegt og líkamlegt ofbeldi er verulegt vandamál meðal unglunga. Þeim hættir til að einangrast og eiga þá erfitt með að leita aðstoðar. Þannig er hættu á að ofbeldi sem hefst á unglingsárum sé enn til staðar þegar kemur fram á fullorðinsár. Félagsráðgjafar þurfa að vera meðvitaðir um þessa hættu og taka á henni með fræðslu til unglunga og foreldra þeirra og þróa meðferðir sem ætlaðar eru þolendur og gerendum (Bergman, 1992).

Rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi sem hefst á unglingsárum er oft undanfari ofbeldis í hjónabandi (Shorey, Cornelius og Bell, 2008). Einnig hefur verið sýnt fram á að þar sem ofbeldi viðgengst inni á heimili eru meiri líkur á að börn sem búa á heimilinu séu vanrækt eða beitt beinu ofbeldi (Wekerle og Wolfe, 1999). Enn aðrir hafa svo bent á að þeir einstaklingar sem bjuggu við ofbeldi og vanrækslu í æsku séu líklegri til að beita slíkum aðferðum á unglings- og fullorðinsárum (Krug o.fl., 2002). Meðal annars af ofangreindum ástæðum ættu félagsráðgjafar að láta sig varða ofbeldi milli unglunga og reyna að koma í veg fyrir að það flytjist frá einni kynslóð til annarar.

2. Ofbeldi í samböndum

Í þessum kafla verður fjallað stuttlega um kenningar tengdar ofbeldi. Þá verður fjallað um tíðni ofbeldis víðsvegar um heiminn og tegundum ofbeldis gerð skil. Þá verður fjallað um mótun viðhorfs unglinga til ofbeldis og afleiðingar þess að hafa orðið fyrir ofbeldi.

2.1 Kenningar tengdar ofbeldi

Ýmsar kenningar hafa verið notaðar til að skilja ofbeldi í samböndum. Þar má nefna kenningu um félagsnám (e. *Social learning theory*) (Bandura, 1977; Jackson, 1999; Shorey o.fl., 2008; Foshee, Bauman og Linder, 1999) feminískar kenningar (e. *Feminist theory*) (Dobash og Dobash, 1992; Jackson, 1999; Shorey o.fl., 2008), tengslakenningu (e. *Attachment theory*) (Bowlby, 1969), hegðunarkenningar (e. *Behavioral theories*) (Myers, 1995) og stjórnunarkenningu (e. *Control theory*) (Foshee o.fl., 1999).

Átaksverkefni sem unnin hafa verið í þeim tilgangi að komast fyrir eða draga úr ofbeldi í samböndum ungmenna hafa aðallega stuðst við Félagssnámsskenninguna og feminískar kenningar. Whitaker o.fl. (2006) fjalla í grein sinni um 11 slík verkefni, meðal annars *Safe dates*, en í öllum tilfellum var Félagssnámsskenningin og feminískar kenningar lagðar til grundvallar. Því verður einungis fjallað um þessar kenningar hér.

2.1.1 *Félagssnámsskenningin* byggist á því að hegðun sé lærd með því að fylgjast með hegðun annarra og jákvæðum afleiðingum hennar (Bandura, 1977; Foshee o.fl., 1999; Shorey o.fl., 2008; Jackson, 1999). Þótt ofbeldi hafi alltaf neikvæðar afleiðingar í för með sér er samkvæmt Félagssnámsskenningunni líklegt að börn sem alast upp á ofbeldisheimili komi auga á jákvæðar afleiðingar þess. Ástæðan er að börnin sjá hið mikla vald sem gerandi hefur yfir þolanda sem eftirsóknarvert (Foshee o.fl., 1999; Shorey o.fl., 2008). Samkvæmt kenningunni eru meiri líkur til að börn í þessum aðstæðum muni beita ofbeldi sjálf enda hafi þau alist upp við jákvætt viðhorf til ofbeldis. Um leið hafa börnin farið á mis við þá þjálfun sem þarf til að leysa vandamál á uppbyggilegan hátt og njóta þeirra jákvæðu

afleiðinga sem af því leiðir (Foshee o.fl., 1999). Fyrirmyndirnar sem foreldrarnir eru börnum sínum hafa því mikil áhrif á hvernig þau læra um hlutverk kynjanna (Jackson, 1999).

2.1.2 Feminískar kenningar gera ráð fyrir að ofbeldi sé afleiðing viðhorfa feðraveldisins þar sem samskipti kynjanna einkennast af sókn eftir valdi og yfirráðum. Ástæðan fyrir því að ofbeldi viðgengst í samböndum sé sambland af feðraveldisviðhorfum og rómantík þar sem viðhorfið er á þann veg að karlmenn eigi að stjórna og konur eigi að vera ósjálfstæðar (Dobash og Dobash, 1992; Shorey o.fl., 2008; Jackson, 1999; Wekerle og Wolfe, 1999). Kenningarnar gera þannig ráð fyrir að karlmenn séu gerendur og konur þolendur.

Kenningarnar hafa átt undir högg að sækja undanfarið þar sem æ fleiri rannsóknir sýna að konur séu jafn líklegar og karlar til að beita ofbeldi (Straus, 1993; Shorey o.fl., 2008; Arriaga og Foshee, 2004). Andsvar femínista við því er hins vegar að konur séu líklegri til að beita ofbeldi í sjálfsvörn (Jackson, 1999; Shorey o.fl., 2008; Wekerle og Wolfe, 1999).

2.2 Tíðni ofbeldis í samböndum

Ofbeldi í samböndum unglunga hefur almennt ekki verið mikið rannsakað en þó hafa verið gerðar þónokkrar rannsóknir á ofbeldi í samböndum unglunga í Bandaríkjunum. Verður því fjallað nánar um tíðni ofbeldis almennt á heimsvísu, í Bandaríkjunum almennt og í sama landi meðal unglunga. Tíðni ofbeldis í nánum samböndum hefur mælst mjög misjöfn milli landa en rannsóknaraðferðir eru einnig mismunandi. Hægt er að mæla tíðni á tvo vegu, þ.e. með því að rannsaka gerendur og með því að rannsaka þolendur. Flestar rannsóknir hafa verið gerðar á þolendum enda eru þeir líklegri en gerendur til að segja frá ofbeldi (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2010).

2.2.1 Tíðni á heimsvísu. Fjöldi kvenna í heiminum býr við ofbeldi á heimili og þarf dag hvern að þola einhvers konar átök. Í skýrslu sem kom út í Svíþjóð árið 2010 var talið að 25-50% kvenna í heiminum yrðu fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu maka síns (Kalmar kommun, 2010). Fleiri kannanir hafa gefið til kynna svipaða tíðni en

Krug o.fl. (2002) nefna í skýrslu sinni tíðni á bilinu 10-69% en sú tíðni var fengin úr 48 könnunum víðs vegar um heiminn. Þá hafa um 30 kannanir gefið til kynna að um það bil 20-50% allra kvenna hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu karlkyns maka síns (Heise, 1994).

Á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar var gerð fjölþjóðleg rannsókn á heilsu kvenna og heimilisofbeldi gegn þeim. Tekin voru viðtöl við 24.000 konur á aldrinum 15-49 ára. Tölur eru mjög mismunandi eftir löndum en í viðtölunum kom í ljós að milli 1-21% kvenna höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 15 ára aldur. 6-59% kvennanna höfðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka einhvern tíma á lífsleiðinni. Af þeim höfðu 3-24% orðið fyrir slíkri reynslu á unglingsárunum (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2010). Á bilinu 13-61% kvenna höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi áður en þær náðu 49 ára aldri (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2010).

2.2.2 Tíðni í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum hafa verið gerðar rannsóknir á ofbeldi í nánnum samböndum og tíðnitölur birtar bæði fyrir einstaka ríki og á landsvísu. Þær Tajden og Thoennes (1998) gerðu slíka rannsókn þar sem svarendur voru alls 16.000 talsins, bæði karlar og konur. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar höfðu 52% svarenda verið beitt líkamlegu ofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni og 1,9% síðustu 12 mánuði. Þær Tajden og Thoennes gerðu svo aðra rannsókn á ofbeldi árið 2006 en hún tók einungis til þolenda kynferðislegs ofbeldis. Þær komust að því að flest tilfelli kynferðislegs ofbeldis áttu sér stað hjá þolendum á aldrinum 18-29 ára en þá höfðu 14,5% kvenna og 2,3% karla verið þolendur. Af öllum þeim sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi hafði maki beitt ofbeldinu í 43% tilvika hjá konum og í 9% tilvika hjá körlum.

Halpern, Oslak, Young, Martin og Kupper (2001) rannsökuðu ofbeldi í nánnum samböndum unglinga á landsvísu og sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að 32% svarenda höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi í nánu sambandi. Sambærilega rannsókn gerðu þær Smith, White og Holland (2003). Þar voru 18-19 ára stúlkur spurðar um reynslu sína af ofbeldi, meðal annars á unglingsárum. Niðurstöður þeirra voru einkar áhugaverðar þar sem 88% unglinga höfðu orðið fyrir einhverskonar ofbeldi að minnsta kosti einu sinni á lífsleiðinni. Tæp 43%

svarenda höfðu verið beitt einhvers konar líkamlegu ofbeldi, 15% eingöngu kynferðislegu ofbeldi og 26% svarenda höfðu verið beitt bæði líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka. Í annarri rannsókn um málefnið sem þær Ashley og Foshee (2005) framkvæmdu kemur fram að tíðni ofbeldis meðal unglunga sé allt að 25% en Ashley og Foshee hafa þessa tíðni úr fjölda rannsókna og vísa í því samhengi í umfjöllun Bergman (1992), Foshee o.fl. (1996) og Jezl, Molidor og Wright (1996) um efnið.

Af ofangreindu að dæma virðast þeir rannsakendur í Bandaríkjunum sem fjalla um tíðni þolenda í rannsóknum sínum komast að þeirri niðurstöðu að einstaklingar hafi orðið fyrir ofbeldi í 20-50% tilfella.

Hvað gerendur varðar gerðu Arriaga og Foshee (2004) rannsókn sem náði yfir sex mánaða tímabil. Þátttakendur svöruðu spurningalista í upphafi rannsóknar (Tímapunktur 1) og svo aftur eftir sex mánuði (Tímapunktur 2). Tilgangurinn var meðal annars að kanna hvort ofbeldi milli foreldra á heimilinu og ofbeldi í samböndum vina hefðu áhrif á hvort þátttakendur beittu ofbeldi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að á Tímapunkti 1 höfðu 14% þátttakenda einhverntíma beitt ofbeldi í nánu sambandi. Á Tímapunkti 2 hafði fjöldi tilfella fjölgað og höfðu þá 25% beitt einhverri tegund ofbeldis í nánu sambandi.

2.2.3 Kynjamunur. Eins og áður hefur komið fram gera feminískar kenningar ráð fyrir að karlmenn beiti frekar ofbeldi en konur. Í þeim tilfellum sem konur beita ofbeldi gera feminískar kenningar ráð fyrir að það sé alltaf gert í sjálfsvörn. Einhverjar þær rannsókna sem fjalla um ofbeldi í samböndum gera hins vegar ekki ráð fyrir að um sjálfsvörn sé að ræða þegar spurt er hvort viðkomandi hafi beitt ákveðinni tegund ofbeldis og gætu niðurstöður slíkra rannsókna því verið villandi að þessu leyti (Foshee, 1996 og Swan, Gambone, Caldwell, Sullivan og Snow, 2008).

Rannsóknir sem fjalla um ofbeldi í samböndum unglunga gefa til kynna að stúlkur séu jafn líklegar ef ekki líklegri en drengir til að beita ofbeldi (Malik, Sorenson og Aneshensel, 1997). Rannsókn Wolfe o.fl. (2003) á ofbeldi í samböndum unglunga leiddi í ljós að almennt voru stúlkur líklegri gerendur bæði líkamlegs og andlegs

ofbeldis. Rannsókn Hickman, Jaycox og Arnoff (2004) leiddi í ljós að drengir beittu andlegu ofbeldi í 55% tilfella og stúlkur í 60% tilfella. Fleiri rannsóknir um sama efni hafa gefið til kynna að stúlkur beiti ofbeldi í 28-33% tilfella en drengir í 11-20% tilfella (Hickman, o.fl, 2004).

Foshee (1996) rannsakaði einnig ofbeldi í samböndum meðal unglunga og eðli þess. Rannsókn hennar tók til kynjamunar, þ.e. hvort kynið væri líklegra til að beita ákveðinni tegund ofbeldis. Þær tegundir sem Foshee gerði ráð fyrir voru líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og andlegt ofbeldi. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að stúlkur voru mun frekar gerendur en drengir hvort sem ofbeldið var í sjálfsvörn eða að þeirra frumkvæði. Ofbeldi sem stúlkurnar beittu var vægara en ofbeldi drengjanna. Þeir beittu frekar kynferðislegu ofbeldi (Foshee, 1996; Malik o.fl., 1997; Hickman, o.fl., 2004) og áverkar hlutust frekar af (Malik o.fl., 1997 og Sousa, 1999).

Í langtímarannsókn Arriaga og Foshee (2004) þar sem meðal annars var kannað hversu oft ofbeldi væri beitt í nánu sambandi kom í ljós að stúlkur beittu frekar ofbeldi en drengir. Stúlkur höfðu á Tímapunkti 1 beitt ofbeldi í 20% tilfella á móti 8% drengja. Á Tímapunkti 2 höfðu fleiri stúlkur beitt ofbeldi en á Tímapunkti 1 og voru þá 35% stúlkna á móti 15% drengja. Í sömu rannsókn var einnig fjallað um þolendur og kynjamun, þ.e. hvort drengir eða stúlkur yrðu frekar þolendur ofbeldis. Á Tímapunkti 1 höfðu 35% þátttakenda verið beitt ofbeldi, 43% stúlkna og 22% drengja. Á Tímapunkti 2 hafði þolendum fjölgað úr 35% í 48% og höfðu 56% stúlkna þá verið þolendur en 37% drengja (Arriaga og Foshee, 2004).

Foshee (1996) gerði rannsókn um þolendur og gerendur ofbeldis í nánum samböndum unglunga og leiddu niðurstöður hennar í ljós að 39% drengja höfðu verið þolendur ofbeldis og rúm 36% stúlkna. Þó ekki hafi verið um marktækar niðurstöður að ræða gefur það ákveðnar vísbendingar um fjölda þolenda í úrtakinu.

2.2.4 Tíðni í Evrópu. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á ofbeldi í samböndum í Evrópu. Hagemann-White (2001) birtir niðurstöður úr 11 slíkum rannsóknum sem gerðar voru á árunum 1986-1997. Erfitt er að bera saman tíðnitölur milli landa úr

samantekt Hageman-White vegna mismunandi skráningar landanna á ofbeldi, mismunandi svarhlutfalls og mismunandi tímaramma, þ.e. hvort spurningalistarnir gefi möguleika á að segja til um ofbeldi síðastliðna 12 mánuði eða yfir lengri tíma. Ef tölur fyrir líkamlegt ofbeldi eru skoðaðar er þó hægt að sjá að tíðnin er á bilinu 8-26%.

2.2.5 Tíðni á Íslandi. Eins og áður segir hefur ofbeldi í samböndum unglunga ekki verið rannsakað hér á landi og er því ekki hægt að segja til um tíðni þess. Hins vegar hafa verið birtar tölur yfir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og ofbeldi gegn konum. Í óbirtri rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur metur hún umfang kynferðislegs ofbeldis á Íslandi. Þar kemur fram að 17% íslenskra barna hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur (Morgunblaðið, 2002).

Barnaverndarstofa (2007) hefur látið rannsaka kynferðislegt ofbeldi gagnvart unglingum, en þær rannsóknir ná ekki sérstaklega til unglunga í samböndum heldur almennt til kynferðislegs ofbeldis í garð unglunga. Þátttakendur voru rúmlega 9.000 framhaldsskólanemar á aldrinum 16-19 ára. Hlutfall drengja í rannsókninni var tæp 49% og hlutfall stúlkna rúmlega 51%. Þátttakendur voru meðal annars spurðir hvort þeir hefðu verið í sambandi og um kynferðislega hegðun. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 8,5% höfðu sætt kynferðislegri misnotkun, flestir fyrir 18 ára aldur. Rúmlega 9% þátttakenda hafði verið sannfærður, þvingaður eða neyddur til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum og 3% höfðu beitt slíkum aðferðum. Hjá þeim þátttakendum sem höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi, var gerandinn kærasti/kærasta í 2,4% tilfella.

Nýlega lét Velferðarráðuneytið gera rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna eðli, umfang og afleiðingar líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Rúmlega 3000 konur á aldrinum 18-80 ára tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður leiddu í ljós að 42% kvennanna höfðu verið þolendur ofbeldis einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þá höfðu 30% verið þolendur líkamlegs ofbeldis og 24% kynferðislegs ofbeldis. Rúmlega 13% hafði verið nauðgað eða gerð tilraun til þess. Á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir rannsóknina sögðust 3% hafa verið þolendur einhvers konar ofbeldis. Frá 16 ára

aldri höfðu rúmlega 22% kvennanna verið beitt ofbeldi í nánu sambandi. Um 20% höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi af hálfu maka og 6% kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka. Á síðustu 12 mánuðum höfðu 1-2% kvennanna verið beitt ofbeldi.

2.3 Tegundir ofbeldis í samböndum

Ýmsir fræðimenn hafa skilgreint ofbeldi í samböndum en vegna þess hversu ólíkan skilning þeir leggja í ofbeldi eru skilgreiningarnar mismunandi (Shorey o.fl., 2008). Ein skilgreining hefur þó verið mikið notuð í tengslum við ofbeldi í samböndum unglunga en samkvæmt henni felst ofbeldi í líkamlegri valdbeitingu eða þvingun, ellegar hótun um slíkt framferði, í þeim tilgangi að valda þjáningu eða skaða (Lewis og Fremouw, 2000).

Birtingarmyndir ofbeldis eru ýmsar og skipta Eaton, Davis, Barrios, Brener og Noonan (2007), Shorey o.fl. (2008) og Wekerle og Wolfe (1999) þeim gróflega í þrjá flokka, þ.e. andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Fleiri birtingarmyndir má nefna, svo sem einangrun og efnahagslega stjórnun (Samtök um kvennaathvarf, 2009). Um andlegt ofbeldi er að meðal annars að ræða þegar þolandi er niðurlægður eða hann þvingaður (Eaton o.fl., 2007; Kelly og Johnson, 2008). Uppnefningar, óhófleg gagnrýni, niðurlæging fyrir framan aðra og ásakanir í garð þolanda eru einnig dæmi um andlegt ofbeldi (Samtök um kvennaathvarf, 2009). Þegar gerandi hins vegar slær, kýlir, sparkar, hrindir, limlestir, hendir hlut í þolanda (Eaton o.fl., 2007; Kelly og Johnson, 2008), snýr upp á útlími hans eða skaðar með verkfærum á borð við hníf, ólar eða þess háttar er um líkamlegt ofbeldi að ræða (Samtök um kvennaathvarf, 2009). Þá felst kynferðisleg misnotkun í nauðgun og annarri þvingun sem beitt er í kynferðislegum tilgangi (Kelly og Johnson, 2008). Einangrun felst hins vegar í því að þolanda er meinað að hitta vini og kunningja eða eiga við þá samskipti og er gert erfitt með að sækja skóla eða vinnu. Einangrun getur einnig falist í því að gerandi fylgist með símhringingum og ferðum þolanda með því að hringja stöðugt í hann og spyr endurtekið hvar viðkomandi hafi verið, hvern hann hafi hitt og hvað hann hafi verið að gera. Efnahagsleg stjórnun felst í því að gerandi takmarkar aðgang þolanda að peningum, skammtar þá eða þvingar hann til að biðja um pening og

krefst útskýringa á því hvað gert var fyrir peninginn (Samtök um kvennaathvarf, 2009).

Nokkur galli er á rannsóknum um ofbeldi í nánum samböndum að því leyti að þær greina hvort og hvernig ofbeldi átti sér stað en greina hvorki ástæður þess né alvarleika (Foshee, Bauman, Linder, Rice og Wilcher, 2007; Johnson og Ferraro, 2000). Annar galli við rannsóknir um þetta efni er að rannsóknirnar taka einungis til ofbeldis milli sambúðarfólks og er þá rannsóknin oft framkvæmd á karlmönnum sem hafa fengið ákæru fyrir slík afbrot (Foshee o.fl., 2007). Einhverjar af ofangreindum birtingarmyndum ofbeldis eiga því ef til vill frekar við þegar um ofbeldi milli hjóna eða sambúðarfólks er að ræða.

Johnson og Ferraro (2000) gerðu tilraun til að bæta úr þessu misræmi að ofbeldi er aðeins mælt á milli hjóna og sambúðarfólks með rannsókn sinni. Þar fjölluðu þau um ofbeldi í samböndum almennt, hvort sem um ræðir hjón, sambúðarfólk, ungmenni eða pör af sama eða gagnstæðu kyni. Einnig brugðust þau við takmörkunum fyrrgreindra rannsókna og fengu fram mat á eðli ofbeldis í samböndum, ástæður þess og alvarleika með því að greina það í fernt. Fyrsta formið er almennt paraofbeldi (e. *Common couple violence*) sem felst í gagnkvæmum líkamlegum árásum beggja einstaklinga sambandsins á hinn. Ólíklegt er að þetta form ofbeldis stigmagnist eftir því sem líður á. Annað formið, einhliða ofbeldi (e. *Intimate terrorism*) er notað í þeim tilgangi að öðlast vald yfir hinum einstaklingi sambandsins. Í þessu formi er líklegt að ofbeldið viðhaldist og meiri líkur eru til þess að það sé alvarlegt. Hér er ekki um gagnkvæmt ofbeldi að ræða líkt og í almennu paraofbeldi. Sjálfsvörn (e. *Violent resistance*) er þriðja formið en eins og nafnið gefur til kynna er um ofbeldi að ræða sem er beitt í sjálfsvörn og er oftast notað af konum þar sem þær eru að verjast ofbeldi af hálfu maka síns. Gagnkvæm valdbeiting (e. *Mutual violent control*) er fjórða og síðasta formið. Þetta form sker sig frá hinum þremur þar sem báðir einstaklingar sambandsins beita valdi og ofbeldi og er þá um eins konar valdabaráttu að ræða. Þetta er ekki algengt og lítið er vitað um þetta form ofbeldis.

Hversu rétt sem þessi sundurgreining Johnson og Ferraro annars reynist, virðist ljóst að með henni sé stigið framfaraskref enda er augljóslega mikilvægt að greina um hvers konar ofbeldi er að ræða milli para til að geta metið alvarleika

þess og gripið inn í með viðeigandi hætti. Slík greining auðveldar einnig mælingar þannig að þær gefi réttari mynd en áður (Ferraro og Johnson, 2000).

2.4 Viðhorf ungmenna til ofbeldis

Wekerle og Wolfe (1999) telja að ofbeldi í samböndum meðal ungmenna byrji að þróast um 15-16 ára aldur. Félagsnám hefur samkvæmt Félagsnámskenningunni mikið að segja um hvernig viðhorf til ofbeldis mótast hjá ungmönnum, með öðrum orðum læra þeir einstaklingar sem alast upp á ofbeldisheimili að ofbeldi sé eðlilegur samskiptamáti (Foshee o.fl., 1999; Shorey o.fl., 2008; Jackson, 1999 og Simons, Lin, Gordon, 1998) og algengt er að ofbeldi sé misskilið á þann veg að litið er á það sem eins konar tjáningu ástar (Wekerle og Wolfe, 1999). Sú reynsla sem börnin verða fyrir á heimilinu, hvort sem ofbeldið beinist gegn þeim eða foreldri, flyst þannig á milli kynslóða (Wekerle og Wolfe, 1999; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). En samkvæmt Freydísi Jónu Freysteinsdóttur (2005) flyst þessi reynsla á milli kynslóða í um 30% tilvika. Reynsla af þessu tagi hefur þó ekki einungis þau áhrif að einstaklingar beiti frekar ofbeldi í framtíðinni heldur eykur einnig líkur á að þeir verði þolendur ofbeldis (Glass o.fl., 2002).

Líkt og hegðun unglinga mótast af hegðun foreldra hefur hegðun og viðhorf vina einnig áhrif á mótun hegðunar einstaklinga (Hickman o.fl., 2004 og Foshee o.fl., 2001). Þær Arriaga og Foshee (2004) gerðu rannsókn á því hvort vinátta við gerendur eða þolendur ofbeldis hefðu áhrif á ofbeldishegðun einstaklinga. Niðurstöður þeirra leiddu í ljós að ef vinur eða vinkona var gerandi eða þolandi ofbeldis voru meiri líkur til þess að einstaklingurinn væri einnig gerandi eða þolandi.

Foshee o.fl. (2001) könnuðu hvaða áhrifavaldaðar hefðu í för með sér auknar líkur á ofbeldi í samböndum. Áhrifavaldaðar til skoðunar voru vinir, fjölskyldan, viðhorf til ofbeldis, staðalímyndir kynjanna og áhættuhegðun einstaklinga. Kannað var hvort áhrifavaldarnir hefðu meiri áhrif á stúlkur en drengi. Áhrifavaldarnir höfðu í flestum tilfellum meiri áhrif á stúlkur en drengi í niðurstöðum þeirra félaga. Almenn jákvæð viðhorf til ofbeldis, þ.e. að almennt

þyki í lagi að beita ofbeldi, hafði meiri áhrif á drengi en stúlkur. Þannig beittu drengir frekar ofbeldi þar sem þeir fundu jákvæð viðhorf til þess.

Ýmislegt fleira hefur áhrif á viðhorf og staðalímyndir kynjanna og nefnir Ingólfur V. Gíslason (1997) í grein sinni stéttaskiptingu, búsetu og kynþátt sem dæmi. Í greininni fjallar hann einnig um tengsl milli karlmennsku og ofbeldis. Þannig sé umræðan á þann veg að karlar beiti frekar ofbeldi en konur séu í eðli sínu umhyggjuverur en slíkt hlýtur jú að hafa áhrif á viðhorfsmun kynjanna. Hér á árum áður voru hlutverk kynjanna á þann veg að karlmaðurinn var útivinnandi og sá um að afla fjár fyrir heimilið á meðan konan var heima og sinnti börnum og heimilishaldi. Staðalímyndir kynjanna mótuðust af þessum veruleika. Í seinni tíð, eftir að konur fóru að vera meira útivinnandi, hafa karlmenn í auknum mæli sinnt heimili og börnum sem mun væntanlega hafa áhrif á staðalímyndir kynjanna í framtíðinni (Ingólfur V. Gíslason, 1997).

Að framansögðu má sjá að margir þættir geta haft áhrif á viðhorf ungmenna til ofbeldis og spila þar meðal annars fjölskylduþættir og staðalímyndir kynjanna stórt hlutverk.

2.5 Afleiðingar ofbeldis

Ofbeldi í samböndum getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann, líkamlegar, heilsufarslegar og félagslegar. Sálfræðileg og hegðunarleg vandamál hafa verið tengd við afleiðingar ofbeldis. Þar má nefna þunglyndi, kvíða (Krug o.fl., 2002; Campbell, 2002), áfengisvandamál (Krug o.fl., 2002), áfallastreituröskun (PTSD) (Campbell, 2002; Mechanic, Weaver og Resick, 2008), svefntruflanir (Campbell, 2002) og sjálfsvígshugsanir (Krug o.fl., 2002; Campbell, 2002).

Rannsókn Banyard og Cross (2008) á afleiðingum ofbeldis í samböndum leiddi í ljós að ofbeldi leiddi til þunglyndis, sjálfsvígshugsana og lakari námsárangurs. Áþekk rannsókn Silverman, Raj, Mucci og Hathaway (2001) á unglingsstúlkum sem beittar höfðu verið líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi leiddi í ljós 1) auknar líkur á reykingum, áfengisneyslu og eituryfjanotkun, 2) auknar líkur á óheilbrigðri þyngdarstjórnun, 3) að stúlkurnar byrjuðu mun fyrr að

stunda kynlíf, 4) urðu oftar ótímabært þungaðar, 5) hugsuðu oftar um sjálfsvíg. Síðastnefnda niðurstaðan er í samræmi við niðurstöður Banyard og Cross (2008).

Mikilvægt er að hafa í huga að afleiðingar ofbeldis eru ekki eingöngu líkamlegs eða andlegs eðlis, heldur geta þær einnig komið fram í viðhorfi og hegðun. Þau Simons o.fl. (1998) telja að ofbeldi í nánum samböndum snemma á lífsleiðinni sé oft undanfari heimilisofbeldis. Þau benda á tvær rannsóknir í því samhengi og segja að þar hafi komið fram að hátt hlutfall þeirra kvenna sem sögðu frá ofbeldi af hálfu eiginmanna sinna hefðu verið beittar ofbeldi fyrst á sínum yngri árum.

3. Forvarnir – Námsefnið *Örugg saman*

Í þessum kafla verður fjallað um forvarnargildi námsefnisins *Örugg saman*. Þá verður sagt frá uppbyggingu námsefnisins og fjallað um reynslu af því erlendis.

Tilgangur forvarna er að koma í veg fyrir að einstaklingar taki þátt í eða eigi upptökin að athæfi sem getur skaðað þá. Til að hægt sé að koma í veg fyrir slíkt atferli þarf að greina áhættuþætti og draga úr áhrifum þeirra á hegðun (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2007).

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (2007; 2010) hefur lagt mat á árangur hinna ýmsu tegunda forvarna. Ofbeldi í samböndum er þar á meðal og hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að gagnvirk forvarnarefni sem ætlað var til kennslu í skólum var metið árangursrík leið til að draga úr ofbeldi. Meðal þess gagnvirka forvarnarefnis sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur metið og mælir með er námsefnið *Örugg saman* (e. *Safe Dates*) sem verður fjallað um hér á eftir.

3.1 Uppbygging námsefnisins

Námsefnið *Örugg saman* miðar að því að sporna gegn ofbeldi í samböndum. Sérstaklega er tekið fram að nemendur þurfi ekki að vera eða hafa verið í föstu sambandi því námsefnið fjalli fyrst og fremst um að eiga í eðlilegum, farsælum og skemmtilegum samskiptum.

Námsefnið skiptist í fjóra meginþætti. Þeir eru: 1) Níu kennslustundir um ofbeldi í samböndum og samskiptum. Kennslustundirnar miða að því að vinna með viðhorf og hegðun sem tengist ofbeldi í samböndum og samskiptum. Í kennslustundunum er blandað saman almennri fræðslu og verkefnum sem nemendur leysa. Kennslustundirnar níu skiptast í jafnmarga kafla. Í fyrsta kafla eru ástúðleg sambönd og samskipti skilgreind og nemendur fengnir til að huga að því hvernig samskipti þeir kjósi sér. Í öðrum kafla er ofbeldi og kúgun í samböndum og samskiptum skilgreint þar sem nemendur velta fyrir sér og lýsa skaðlegri hegðun. Í þeim þriðja er þeirri spurningu velt upp af hverju fólk beiti ofbeldi og spurningunni svarað þannig að ofbeldi í nánnum samböndum einkennist af stjórnsemi. Í fjórða kafla er svo fjallað um leiðir til að leita sér aðstoðar ef um ofbeldissamband er að ræða og er þá áhersla lögð á að vinir leiti til hver annars.

Fimmti kafli nefnist *Að hjálpa vinum sínum* og er markmið hans að æfa nemendur í samskiptum við vini sem eru þolendur eða gerendur ofbeldis. Í sjötta kafla er markmiðið að fræða nemendur um staðalímyndir kynjanna þar sem áhersla er lögð á að þær geti viðhaldið ofbeldishegðun eða kúgun. Sjöundi kafli fjallar um stjórn á tilfinningum þar sem nemendur eru þjálfaðir í að takast á við reiði sína án þess að beita ofbeldi. Í áttunda kafla er markmiðið að nemendur fái hugmyndir að jákvæðum og opinskáum samskiptum og fá tækifæri til að æfa sig í slíkum samskiptum. Níunda og síðasta kennslustundin fjallar svo um hvernig megi koma í veg fyrir kynferðisofbeldi í nánnum samböndum.

2) Veggspjaldasamkeppni sem fer fram eftir að kennslu námsefnisins lýkur. Veggspjöldin geta til dæmis verið góð til kynningar í öðrum skólum eða meðal annarra hópa samfélagsins. Kennarar eru svo hvattir til að veita verðlaun fyrir 1.-3. sætis veggspjöld. 3) Foreldrafræðsla. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um forvarnarefnið og geti rætt um ýmis málefni við börn sín ef slík staða kemur upp. 4) Kennarafræðsla því kennarar þurfa að vera meðvitaðir um málefnið og geta rætt það við nemendur sem eftir því leita. Einungis fyrsti þáttur námsefnisins var notaður hér á landi.

3.3 *Reynsla af námsefninu*

Forvarnarefnið *Örugg saman* (e. *Safe dates*) byggir á spurningalistum og námsefni. Spurningalistar eru lagðir fyrir einu sinni áður en kennsla hefst og að því loknu eru áhrifin metin (Foshee o.fl., 2004b; Foshee o.fl., 2005). Í Bandaríkjunum var um langtímarannsókn að ræða þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir í 14 skólum og áhrifin metin mánuði eftir kennslu, þá aftur eftir eitt ár og svo eftir þrjú ár (Foshee o.fl. 1998).

Námsefnið *Örugg saman* var fyrst kennt í Bandaríkjunum árið 1995 og var þá byrjað á að leggja spurningalista fyrir nemendur á aldrinum 13-15 ára. Í þeim spurningalista voru þátttakendur spurðir um reynslu sína af ofbeldi í samböndum sem þeir voru í þá stundina en ekki reynslu almennt líkt og gert er hér. Þátttakendum var skipt í samanburðar- og tilraunarhópa. Niðurstöður fyrstu fyrirlagnar spurningalistans leiddu í ljós að lítill munur var á svörum samanburðarhópsins og tilraunarhópsins. Að lokinni fyrstu fyrirlögn var

námsefnið lagt fyrir tilraunarhópinn. Mánuði eftir að kennslu lauk var spurningalistinn aftur lagður fyrir og leiddu niðurstöðurnar í ljós að tíðni andlegs, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis hafði dregist saman. Hjá tilraunarhópnum komu 60% færri ofbeldistilfelli fram en hjá samanburðarhópnum. Þá reyndist einnig vera munur á hugmyndum hópanna um staðalímyndir kynjanna, viðhorfum þeirra og samskiptahæfileikum. Þannig fordæmdu þeir unglingar sem voru í tilraunarhópnum frekar ofbeldi og þeir höfðu betri samskiptafærni en samanburðarhópurinn (Foshee o.fl., 1998).

Ári eftir að kennslu námsefnisins lauk var spurningalistinn aftur lagður fyrir. Hegðunaráhrif höfðu þá dvínað en áhrif á miðlunarbreytur tengdar atferlislegru hegðun á borð við staðalímyndir kynjanna, viðhorf til ofbeldis og samskiptafærni haldist (Foshee o.fl., 2000).

Til að meta langtímaáhrif kennslunnar á ofbeldi var spurningalistinn lagður fyrir í fjórða skiptið, þremur árum eftir kennslu. Í ljós kom að tíðni ofbeldis í samböndum var 56-92% lægri hjá tilraunarhópnum, þ.e. þeim sem höfðu fengið kennsluna, en hjá samanburðarhópnum (Foshee o.fl., 2004a).

Ljóst er af niðurstöðum langtímarannsóknarinnar að námsefnið hefur góð áhrif á viðhorf unglinga til ofbeldis og efnið til þess fallið að draga úr ofbeldi í samböndum.

4. Aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um þær aðferðir sem notaðar voru við rannsóknina og ástæðurnar fyrir því að þær urðu fyrir valinu.

Í ljósi fyrri rannsókna verða rannsóknarspurningarnar eftirfarandi:

- Hversu algengt er að ofbeldi sé beitt í samböndum milli unglunga?
 - Er munur á milli drengja og stúlkna?
- Hversu algengt er að unglingar séu þolendur ofbeldis í samböndum?
 - Er munur á milli drengja og stúlkna?
- Hvert er viðhorf unglunga til ofbeldis í samböndum?
 - Er munur á viðhorfum drengja og stúlkna?
- Hvernig eru hugmyndir um staðalímyndir kynjanna ólíkar milli kynja?

Rannsókn þessi er frumrannsókn hér á landi og byggir á bandarískri rannsókn sem samanstendur af námsefninu *Örugg saman* (e. *Safe dates*) og spurningalista sem lagður er fyrir áður en kennsla námsefnisins hefst og eftir að henni lýkur (Foshee o.fl., 2004b; Foshee o.fl., 2005). Hér verður þó einungis fjallað um niðurstöður fyrri fyrirlagnar.

Haustið 2010 var listinn fyrst lagður fyrir og var úrtakið nemendur í 8., 9. og 10. bekk fjögurra grunnskóla. Spurningalistinn var lagður fyrir þá nemendur þessara bekkja sem voru mættir í skólann þann dag og var fjöldi svarenda 449. Af þeim sem svöruðu voru drengir 232 og stúlkur 206. Nemendur voru upplýstir um að þeim bæri ekki skylda til að svara.

Af þeim sem svöruðu höfðu 123 (28,5%) verið í föstu sambandi. Aldursdreifing var þannig að fæstir svarendur voru úr yngsta aldurshópnum (fædd 1997) eða einungis um 11%, 52% voru fædd árið 1995 og 35% árið 1996.

Spurningalistinn og námsefnið var hannað af dr. Vangie Foshee og fleirum (Foshee o.fl., 2004b; Foshee o.fl., 2005). Lýðheilsustöð þýddi námsefnið og spurningalistann sem síðan var forprófaður sumarið 2010. Þá voru unglingar sem störfuðu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur fengnir til að svara spurningalistanum og koma með athugasemdir um orðalag og innihald. Í námsefninu eru dæmisögur

notaðar til að ná betur til unglínganna og til nánari útskýringar. Nokkrir unglíngar, starfsmenn frá Jafningafræðslunni og starfsmenn félagsmiðstöðva, voru fengnir til að fara yfir dæmisögur námsefnisins til að segja til um hvort sögurnar samræmdust íslenskum aðstæðum.

Spurningalistinn samanstendur af 19 spurningum (sjá viðauka). Þar af eru tvær bakgrunnsspurningar þar sem spurt er um kyn og fæðingarár. Í þeim spurningum sem eftir eru er meðal annars spurt um viðhorf, staðalímyndir kynjanna og reynsla af ofbeldi, þá hvort viðkomandi hafi verið þolandi eða gerandi. Í því samhengi eru taldar upp ýmsar tegundir ofbeldis og viðkomandi spurður hversu oft hann hafi gert eða þurft að þola eftirfarandi. Flestar spurningarnar eru á ýmist fjórgildum eða fimmgildum líkertkvarða. Svarmöguleikar fyrir þolenda- og gerendaspurningar eru á fjórgildum líkertkvarða þar sem valmöguleikarnir eru ýmist aldrei, sjaldan, stundum og mjög oft eða aldrei, 1 til 3 sinnum, 4 til 9 sinnum og 10 sinnum eða oftar. Ekki er gefinn kostur á að svara hvorki/né.

Við úrvinnslu gagna var tíðni ofbeldis könnuð, þ.e. hversu margir hefðu beitt líkamlegu eða andlegu ofbeldi. Þá voru viðhorf og hugmyndir um staðalímyndir kynjanna skoðaðar. Í báðum tilfellum var kannað hvort munur væri á svörum drengja og stúlkna.

Í spurningalistanum voru tvær spurningar notaðar til að kanna hvort viðkomandi hefði beitt ofbeldi og tvær til að kanna hvort hann hefði verið þolandi ofbeldis. Annars vegar var spurt um andlegt ofbeldi og hins vegar líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Spurning um hvort viðkomandi hefði beitt andlegu ofbeldi var mæld á fjórgildum líkertkvarða þar sem svarmöguleikarnir voru „aldrei“, „sjaldan“, „stundum“ og „mjög oft“. Spurt var hversu oft viðkomandi hefði gert eitthvað af því sem talið var upp gagnvart þeim sem hann hefði einhvern tíma verið með: „a) skemmt eitthvað sem hann eða hún átti“, „b) sagt eitthvað viljandi til að særa“, „c) niðurlægt viðkomandi fyrir framan aðra“, „d) reynt að henda einhverju í hann“, „e) bannað viðkomandi að gera eitthvað með öðru fólki“, „f) hóttað að byrja með einhverri annarri/einverjum öðrum“, „g) sagt að hann eða hún mætti ekki tala við einhvern af hinu kyninu“, „h) ætlað að slá viðkomandi en hætt við“, „i) gert eitthvað bara til þess að gera viðkomandi afbrýðisama/n“, „j)

kennt honum eða henni um slæma hluti sem ég gerði“, „k) hótað að meiða viðkomandi“, „l) látið viðkomandi segja frá hvar hann eða hún var hverja einustu stund“, „m) rifjað upp eitthvað úr fortíðinni til að særa viðkomandi“, „n) talað niðurlægjandi um útlit viðkomandi“.

Þolendur andlegs ofbeldis voru einnig mældir á fjörgildum likertkvarða þar sem svarmöguleikarnir voru „aldrei“, „sjaldan“, „stundum“ og „mjög oft“. Spurt var: „hversu oft hefur einhver sem þú hefur verið með gert eitthvað af því sem hér er talið upp“? „a) skemmt eitthvað sem ég átti“, „b) sagt eitthvað viljandi til að særa mig“, „c) niðurlægt mig fyrir framan aðra“, „d) reynt að henda einhverju í mig“, „e) bannað mér að gera eitthvað með öðru fólki“, „f) hótað að byrja með einhverri annarri/einverjum öðrum“, „g) sagt að ég mætti ekki tala við einhvern af hinu kyninu“, „h) ætlað að lemja mig en hætt við“, „i) gert eitthvað bara til þess að gera mig afbrýðisama/n“, „j) kennt mér um slæma hluti sem hann eða hún gerði“, „k) hótað að meiða mig“, „l) látið mig segja frá hvar ég var hverja einustu stund“, „m) rifjað upp eitthvað úr fortíðinni til að særa mig“, „n) talað niðurlægjandi um útlit mitt“.

Ný breyta var búin til fyrir hverja spurningu þar sem þeir sem höfðu aldrei beitt andlegu ofbeldi fengu gildið 0 en þeir sem merktu við sjaldan, stundum eða mjög oft fengu gildið 1. Því næst voru allar spurningarnar lagðar saman í eina og deilt með fjölda þeirra. Eins var gert með spurninguna um þolendur andlegs ofbeldis. Tilgangurinn var að sjá hversu margir þátttakendur hefðu beitt og verið þolendur ofbeldisins.¹

Líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi var, líkt og andlegt, mælt á fjörgildum likertkvarða en svarmöguleikarnir voru „aldrei“, „1 til 3 sinnum“, „4 til 9 sinnum“ og „10 sinnum eða oftar“. Spurt var hversu oft viðkomandi hefði gert eitthvað af eftirfarandi við einhvern sem hann hefði verið með: „a) klórað hann eða hana“, „b) slegið viðkomandi utan undir“, „c) snúið upp á handlegginn á viðkomandi“, „d) hrint eða þrýst honum eða henni upp að vegg“, „e) sparkað í viðkomandi“, „f)

¹ Þegar breytur eru lagðar saman er hætt á að einstaklingar sem ekki svara öllum spurningum detti út og því getur verið misræmi milli samanlagðra breyta og einstakra þátta ofbeldis.

brett upp á/beyglað fingurna á honum eða henni“, „g) bitið viðkomandi“, „h) reynt að kyrkja viðkomandi/taka hálstaki“, „i) ýtt, hrifsað í eða hrint viðkomandi“, „j) hent einhverju í viðkomandi“, „k) neytt hann eða hana til samfara“, „l) neytt hann eða hana til annarra kynlífsathafna sem viðkomandi vildi ekki taka þátt í“, „m) brennt hann eða hana“, „n) kýlt viðkomandi“, „o) lamið viðkomandi með hörðum hlut“, „p) lúbarið viðkomandi“, „q) ráðist að viðkomandi með hníf eða öðru vopni“.

Spurning um þolendur líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis var sambærileg þeirri um gerendur. Spurt var hversu oft einhver sem viðkomandi hefði verið með hefði gert eftirfarandi: „a) klórað mig“, „b) slegið mig utan undir“, „c) snúið upp á handlegginn á mér“, „d) hrint eða þrýst mér upp að vegg“, „e) sparkað í mig“, „f) brett upp á/beyglað fingurna á mér“, „g) bitið mig“, „h) reynt að kyrkja mig“, „i) ýtt mér, hrifsað í mig eða hrint mér“, „j) hent einhverju í mig“, „k) neytt mig til samfara“, „l) neytt mig til annarra kynlífsathafna sem ég vildi ekki taka þátt í“, „m) brennt mig“, „n) kýlt mig“, „o) lamið mig með hörðum hlut“, „p) lúbarið mig“, „q) ráðist að mér með hníf eða öðru vopni“.

Líkt og með andlega ofbeldið var búin til ný breyta fyrir hverja spurningu. Eins og áður fengu þeir sem aldrei höfðu beitt líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi gildið 0 og þeir sem höfðu sjaldan, stundum eða mjög oft beitt slíku ofbeldi gildið 1. Breyturnar voru svo lagðar saman í eina og deilt með fjölda þeirra til að kanna hversu margir hefðu beitt eða verið þolendur slíks ofbeldis.

Til að mæla viðhorf unglínganna til ofbeldis í samböndum var notuð spurning í átta liðum á fjórgildum líkertkvarða. Spurt var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri eftirfarandi fullyrðingum: „a) Það er í lagi að strákur slái kærustuna sína ef hún gerir eitthvað sem reitir hann til reiði“, „b) Það er í lagi að strákur slái kærustuna sína ef hún niðurlægir hann fyrir framan vini hans“, „c) Stelpur eiga stundum skilið að kærastarnir þeirra slái þær“, „d) Ef stelpa gerir kærastann sinn viljandi afbrýðisaman á hún skilið að vera slegin“, „e) Strákar eiga stundum skilið að kærusturnar þeirra slái þá“, „f) Stundum verða strákar að slá kærusturnar sínar til að hafa betri stjórn á þeim“, „g) Það er í lagi að strákur slái stelpu ef hún sló hann fyrst“ og „h) Það er í lagi að stelpa slái strák ef hann sló

hana fyrst“. Svarmöguleikarnir voru: „mjög ósammála“, „frekar ósammála“, „frekar sammála“ og „mjög sammála“.

Staðalímyndir kynjanna voru svo mældar með spurningu í 11 liðum, einnig á fjórgildum likertkvarða. Spurt var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri eftirfarandi fullyrðingum: „a) Flestum konum er ekki treystandi“, „b) Í samböndum ætti strákurinn að vera klárari en stelpa“, „c) Stelpur eru alltaf að reyna að ráðskast með stráka“, „d) Í samböndum eiga strákurinn og stelpa að ráða jafn miklu“, „e) Það er verra fyrir stelpur en stráka að blóta“, „f) Þegar strákur og stelpa fara út saman ætti strákurinn að borga“, „g) Almennt séð á pabbinn að ráða meiru en mamman í málefnum fjölskyldunnar“, „h) Það er ekkert að því að stelpa bjóði strák á stefnumót“, „i) Það er mikilvægara að strákar standi sig vel í skóla en stelpur“, „j) Ef báðir aðilar eru útvinnandi ætti maðurinn að taka þátt í heimilisverkunum, t.d. þvo upp og setja í þvottavélina“, „k) Stelpur eiga að hafa jafn mikið frelsi og strákar“. Svarmöguleikarnir voru: „mjög ósammála“, „frekar ósammála“, „frekar sammála“ og „mjög sammála“.

Við upphaf rannsóknarinnar var foreldrum þátttakenda sent bréf um efnið og þeir beðnir að láta vita ef þeir væru mótfallnir þátttöku barna sinna. Ákveðið var að þeir unglingar sem áttu af einhverjum ástæðum í erfiðleikum með lesskilning tækju ekki þátt. Talið var að spurningarnar væru of persónulegs eðlis til að unglingar með aðstoðarmann myndu svara þeim með aðstoð.

Við komu í kennslustofu var byrjað á að segja nemendum lítillega frá rannsókninni. Þá var veggspjald sett upp á töflu með leiðbeiningum um hvernig fylla skyldi út svokallað kóðunarblað á fremstu síðu rannsóknarinnar. Tilgangur kóðunarblaðsins var að tengja saman svör nemenda fyrir og eftir kennslu námsefnis. Nemendur fengu þau fyrirmæli að við útfyllingu kóðunarblaðs skyldu þeir nota hástafi og sleppa kommustöfum. Þá var þeim tjáð að þeim bæri ekki skylda til að svara spurningalistanum.

Ef þátttakendur svöruðu spurningu neitandi þar sem spurt var hvort viðkomandi hafði verið í föstu samabandi fengu þátttakendur fyrirmæli um að sleppa spurningum um andlegt eða líkamlegt ofbeldi heldur fara beint í næsta hluta spurningalistans. Nemendum þótti þetta hins vegar vera ruglingslegt og voru ekki vissir hvaða spurningu skyldi svara næst og var því ákveðið að þeir

skyldu fá leiðbeiningar um fyrirkomulag. Við upphaf fyrirlagnar var því byrjað á að gefa fyrirmæli um hvaða spurningum þátttakendur ættu að svara eða sleppa og þannig voru líkur á misskilningi minnkaðar.

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í næsta kafla með lýsandi tölfræði. Þar kemur fram fjöldi og hlutfall þátttakenda og verður munur á kynjum sýndur í krosstöflum. Jafnframt verður tilgreint hvort marktækur munur sé á kynjum þar sem við á.

5. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um fjölda þolenda og gerenda andlegs, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Ofbeldisspurningum áttu einungis þeir sem höfðu verið í föstu sambandi að svara. Alls höfðu 123 þátttakenda verið í föstu sambandi af 449 þátttakendum alls.

Í niðurstöðum verður einnig gerð grein fyrir viðhorfum unglínganna til ofbeldis í samböndum og afstöðu þeirra til staðalímynda kynjanna. Eins og áður hefur komið fram var viðhorf mælt með spurningu í átta liðum og staðalímyndir kynjanna með spurningu í 11 liðum. Tilgreind verður tíðni fyrir allar fjórar og hvort munur sé á svörum drengja og stúlkna.

5.1 Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi var mælt með tveimur spurningum, hvor fyrir sig í 14 liðum. Þegar breyturnar fyrir andlegt ofbeldi höfðu verið lagðar saman kom í ljós að rúmlega 60% svarenda sögðust einhvern tíma hafa beitt andlegu ofbeldi og tæp 77% höfðu verið þolendur slíks ofbeldis.

Tafla 1: Andlegt ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Gerendur*	26 (45,6%)	40 (76,9%)	66 (60,5%)
Þolendur	45 (75%)	41 (78,8%)	86 (76,8%)

*marktækur munur á kynjum ($p < 0,05$)

5.1.1 Gerendur. Af þeim sem beittu andlegu ofbeldi voru stúlkur í miklum meirihluta. Flestar þeirra stúlkna sem beittu andlegu ofbeldi höfðu sagt eitthvað viljandi til að særa, bannað kærasta sínum að gera eitthvað með öðru fólki, gert eitthvað eingöngu til að gera kærasta sinn afbrýðisaman eða látið hann segja frá hvar hann var hverja einustu stund. Áberandi mikill munur var á kynjahlutfalli í þeim fullyrðingum þar sem viðkomandi hafði sagt eitthvað viljandi til að særa og þegar viðkomandi hafði gert eitthvað eingöngu til að gera kærasta/kærustu sína afbrýðisama/afbrýðisaman. Stúlkur sem höfðu notað slíkar aðferðir voru mun

fleiri en drengir. Sjaldgæfast var að stúlkurnar hefðu kennt kærustum sínum um slæma hluti sem þær gerðu eða hótað að meiða þá.

Í einungis tveimur fullyrðingum af 14 voru strákar í meirihluta þeirra sem höfðu beitt andlegu ofbeldi. Um var að ræða þær fullyrðingar að hafa kennt kærustu um slæman hlut sem þeir sjálfir höfðu gert og að hóta að meiða hana. Hvorug fullyrðinganna var þó marktæk.

Tafla 2: Hlutfall þeirra sem höfðu beitt andlegu ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Skemmdi eitthvað sem hann eða hún átti	3 (4,8%)	4 (7,4%)	7 (6%)
Sagði eitthvað viljandi til að særa	4 (6,5%)	18 (33%)	22 (19%)
Niðurlægði viðkomandi fyrir framan aðra	4 (6,5%)	8 (15%)	12 (10,4%)
Reyndi að henda einhverju í hann eða hana	6 (9,8%)	7 (13%)	13 (11,3%)
Bannaði viðkomandi að gera eitthvað með öðru fólki	12 (19,7%)	16 (29,6%)	28 (24,3%)
Hótaði að byrja með einhverri annarri/einhverjum öðrum	3 (4,9%)	5 (9,3%)	8 (7%)
Sagði að hann eða hún mætti ekki tala við einhvern af hinu kyninu	10 (16,1%)	12 (22,2%)	22 (19%)
Ætlaði að slá viðkomandi en hætti við	3 (4,9%)	9 (16,7%)	12 (10,4%)
Gerði eitthvað bara til þess að gera viðkomandi afbrýðisaman	6 (9,7%)	29 (53,7%)	35 (30,2%)
Kenndi honum eða henni um slæma hluti sem ég gerði	6 (9,8%)	3 (3,7%)	9 (7,8%)
Hótaði að meiða viðkomandi	4 (6,5%)	2 (3,7%)	6 (5,2%)
Lét viðkomandi segja frá hvar hann eða hún var hverja einustu stund	7 (11,5%)	13 (24,5%)	20 (17,5%)
Rifjaði upp eitthvað úr fortíðinni til að særa viðkomandi	8 (12,9%)	8 (14,8%)	16 (13,8%)
Talaði niðurlægjandi um útlit viðkomandi	6 (9,7%)	7 (13%)	13 (11,2%)

5.1.2 *þolendur*. Af þeim tæpu 77% sem höfðu verið þolendur andlegs ofbeldis voru stúlkur í meirihluta. Nokkuð mikill kynjamunur var þar sem viðkomandi hafði verið niðurlægður fyrir framan aðra, viðkomandi var bannað að tala við einhvern af hinu kyninu og kærasti/kærasta viðkomandi hafði gert eitthvað bara til að gera hann eða hana afbrýðisama. Nokkur kynjamunur var einnig þar sem einhver sem viðkomandi hafði verið með bannaði viðkomandi að gera eitthvað með öðru fólki. Þá höfðu tæplega 16% drengja og 9% stúlkna lent í því að einhver sem þau höfðu verið með ætlaði að slá hann/hana en hætti við. Flestum þolendum andlegs

ofbeldis hafði verið bannað að gera eitthvað með öðru fólki. Stúlkur voru þar tæplega 56% og drengir tæplega 39%.

Tafla 3: Hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Skemmdi eitthvað sem ég átti	9 (13,6%)	6 (11,1%)	15 (12,5%)
Sagði eitthvað viljandi til að særa mig	19 (28,8%)	22 (40,7%)	41 (34,2%)
Niðurlægði mig fyrir framan aðra	11 (16,9%)	19 (35,2%)	30(25,2%)
Reyndi að henda einhverju í mig	14 (21,5%)	10 (18,5%)	24 (20,2%)
Bannaði mér að gera eitthvað með öðru fólki	25 (38,5%)	30 (55,6%)	55 (46,2%)
Hótaði að byrja með einhverri annarri/einhverjum öðrum	5 (7,9%)	9 (16,7%)	14 (12%)
Sagði að ég mætti ekki tala við einhvern af hinu kyninu	12 (18,5%)	24 (44,4%)	36 (30,3%)
Ætlaði að slá mig en hætti við	10 (15,9%)	5 (9,3%)	15 (12,8%)
Gerði eitthvað bara til þess að gera mig afbrýðisama/afbrýðisaman	18 (28,1%)	28 (52,8%)	46 (39,3%)
Kenndi mér um slæma hluti sem hann eða hún gerði	15 (23,4%)	8 (14,8%)	23 (19,5%)
Hótaði að meiða mig	9 (13,8%)	6 (11,1%)	15 (12,6%)
Lét mig segja frá hvar ég var hverja einustu stund	20 (30,8%)	26 (49,1%)	46 (39%)
Rifjaði upp eitthvað úr fortíðinni til að særa mig	14 (21,5%)	17 (31,5%)	31 (26,1%)
Talaði niðurlægjandi um útlit mitt	12 (18,5%)	11 (20,4%)	23 (19,3%)

5.2 Líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi

Í þessum hluta verður tölfræði skoðuð fyrir gerendur og þolendur líkamlegs ofbeldis. Í spurningunum var bæði spurt um líkamlegt ofbeldi og ofbeldi sem tengdist kynferðislegum athöfnum. Líkamlegt ofbeldi var mælt með einni spurningu í 17 liðum, af þeim fjölluðu tveir þeirra um kynferðislegt ofbeldi. Hér verður fjallað um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í sitthvoru lagi. Líkt og með andlegt ofbeldi voru breytur líkamlegs ofbeldis og breytur kynferðislegs ofbeldis lagðar saman til að sjá hversu margir hefðu í raun beitt ofbeldi. Þá skipti ekki máli hversu oft ofbeldi hafði verið beitt heldur nægði að viðkomandi hefði svarað einhverri af fullyrðingunum 17 með svarmöguleikunum sjaldan, stundum eða mjög oft.

Í ljós kom að 36% svarenda höfðu einhvern tíma beitt einhverri tegund líkamlegs ofbeldis og 5,5% einhverri tegund kynferðislegs ofbeldis. Þá höfðu 49% svarenda verið þolendur einherrar tegundar líkamlegs ofbeldis og tæp 14% einhverri tegund kynferðislegs ofbeldis.

Tafla 4: Líkamlegt ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Gerendur*	16 (28,6%)	21 (44,7%)	37 (35,9%)
Þolendur	25 (45,4%)	26 (53,1%)	51 (49%)

*marktækur munur á kynjum ($p < 0,05$)

Tafla 5: Kynferðislegt ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Gerendur	4 (6,9%)	2 (3,9%)	6 (5,5%)
Þolendur	6 (9,8%)	10 (18,5%)	16 (13,9%)

5.2.1 *Gerendur*. Þegar svör um líkamlegt ofbeldi voru skoðuð kom í ljós að stúlkur höfðu frekar en drengir verið gerendur slíks ofbeldis ($p < 0,05$). Kynjaskiptingin var nokkuð jöfn í öllum fullyrðingunum. Áberandi mestur munur var þó á svörum kynja þar sem þátttakandi hafði slegið kærustu sína eða kærasta sinn utan undir. Stúlkur höfðu gert slíkt í tæplega 22% tilfella á móti 5% drengja. Þó nokkur munur var einnig á svörum kynjanna þegar spurt var hversu oft viðkomandi hefði kýlt kærasta sinn eða kærustu sína. Þar voru drengir fleiri en stúlkur eða 10% á móti 2% stúlkna. Hvað kynferðislegt ofbeldi varðar höfðu fleiri stúlkur en drengir neytt kærasta sína til samfara á meðan fleiri drengir en stúlkur höfðu neytt kærustur sínar til annarra kynlífsathafna.

Á heildina litið var algengara að drengir hefðu beitt alvarlegra ofbeldi á borð við að neyða kærustur sínar til kynlífsathafna, snúa upp á handlegg þeirra, hrinda og sparka, á meðan stúlkurnar beittu frekar vægara ofbeldi eins og að klóra og slá.

Tafla 6: Hlutfall þeirra sem höfðu beitt líkamlegu ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Klóraði hann eða hana	5 (8,2%)	4 (7,8%)	9 (8%)
Sló viðkomandi utan undir	3 (5%)	11 (21,6%)	14 (12,6%)
Snéri upp á handlegginn á viðkomandi	4 (6,7%)	2 (4%)	6 (5,5%)
Hrinti eða þrýsti honum eða henni upp að vegg	6 (10%)	2 (3,9%)	8 (7,2%)
Sparkaði í viðkomandi	6 (9,8%)	3 (6%)	9 (8,1%)
Bretti upp á/ beyglaði fingurna á honum eða henni	2 (3,3%)	1 (2%)	3 (2,7%)
Beit viðkomandi	7 (11,5%)	5 (9,8%)	12 (10,7%)
Reyndi að kyrkja viðkomandi/taka hálstaki	2 (3,3%)	1 (2%)	3 (2,7%)
Ýtti, hrifsaði í eða hrinti viðkomandi	7 (11,5%)	4 (7,8%)	11(9,8%)
Henti einhverju í viðkomandi	7 (11,9%)	5 (10%)	12 (11%)
Brenndi hann eða hana	1 (1,7%)	1 (2%)	2 (1,8%)
Kýldi viðkomandi	6 (10%)	1 (2%)	7 (6,3%)
Lamdi viðkomandi með hörðum hlut	4 (6,9%)	2 (3,9%)	6 (5,5%)
Lúbarði viðkomandi	2 (3,3%)	1 (2%)	3 (2,7%)
Réðist að viðkomandi með hníf eða öðru vopni	0 (0%)	1 (2%)	1 (0,9%)

Tafla 7: Hlutfall þeirra sem höfðu beitt kynferðislegu ofbeldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
Neyddi hann eða hana til samfara	1 (1,7%)	2 (3,9%)	3 (2,7%)
Neyddi hann eða hana til annarra kynlífsathafna	4 (6,7%)	1 (2%)	5 (4,5%)

5.2.2 *Þolendur*. Af þeim 49% sem höfðu verið þolendur líkamlegs ofbeldis voru stúlkur þolendur í 53% tilfella á móti rúmum 45% drengja. Mikill munur var á kynjum þegar viðkomandi hafði verið sleginn utan undir þar sem 35% drengja og 9% stúlkna höfðu mátt þola slíkt. Þá höfðu 26% drengja og 17% stúlkna verið bitin af kærasta sínum/kærustu sinni. Nokkur munur var einnig á svörum kynja þar sem reynt hafði verið að kyrkja viðkomandi, 10% drengja á móti tæpum 2% stúlkna höfðu orðið fyrir slíkri meðferð.

Alls höfðu 7% þátttakanda verið neydd til samfara og 13% til annarra kynlífsathafna. Stúlkur höfðu verið neyddar til samfara í rúmum 7% tilfella á móti rúmum 6% drengja. Þá höfðu tæplega 17% stúlkna verið neyddar til annarra kynlífsathafna á móti tæpum 10% drengja.

Tafla 8: Hlutfall þolenda líkamlegs ofbeldis

	Drengir	Stúlkur	Alls
Klóraði mig	18 (29%)	11 (20,8%)	29 (25,2%)
Sló mig utan undir	18 (35,3%)	5 (9,4%)	23 (20,2%)
Snéri upp á handlegginn á mér	8 (13,1%)	8 (15,1%)	16 (14%)
Hrinti eða þrýsti mér upp að vegg	11 (18,6%)	7 (13,2)	18 (16,1%)
Sparkaði í mig	12 (19,7%)	7 (13%)	19 (16,5%)
Bretti upp á/ beyglaði fingurna á mér	6 (10,2%)	3 (5,6%)	9 (8%)
Beit mig	16 (26,2%)	9 (17%)	25 (21,9%)
Reyndi að kyrkja mig	6 (10%)	1 (1,9%)	7 (6,1%)
Ýtti, hrifsaði í mig eða hrinti mér	11 (18%)	7 (13%)	18 (15,7%)
Henti einhverju í mig	13 (21,7%)	6 (11,1%)	19 (16,7%)
Brenndi mig	6 (9,8%)	1 (1,9%)	7 (6,1%)
Kýldi mig	10 (16,9%)	1 (1,9%)	11 (9,8%)
Lamdi mig með hörðum hlut	7 (11,5%)	1 (1,9%)	8 (7%)
Lúbarði mig	5 (8,5%)	0 (0%)	5 (4,4%)
Réðist að mér með hníf eða öðru vopni	3 (5,1)	0 (0%)	3 (2,7%)

Tafla 9: Hlutfall þolenda kynferðislegs ofbeldis

	Drengir	Stúlkur	Alls
Neyddi mig til samfara	4 (6,6%)	4 (7,4%)	8 (7%)
Neyddi mig til annarra kynlífsathafna	6 (9,8%)	9 (16,7%)	15 (13%)

5.3 Viðhorf

Viðhorf var mælt með einni spurningu í átta liðum. Meðal niðurstaðna má nefna að þó flestir væru ósammála því að strákur eða stelpa ætti að slá kærasta eða kærustu sína undir nokkrum kringumstæðum voru þó tæplega 35% þátttakenda sem fannst það í lagi sem verður að teljast ansi hátt hlutfall. Þá var áberandi að drengjum fannst frekar í lagi að slá en stúlkum ($p < 0,05$).

Tvær fullyrðingar stóðu upp úr að því leyti að áberandi margir voru sammála. Sú fyrri var að strákar ættu stundum skilið að kærusturnar þeirra slægju þá. Alls voru tæplega 15% þátttakenda sammála þeirri fullyrðingu þar sem drengir voru sammála í tæplega 19% tilfella en stúlkur í tæplega 11% tilfella. Hin fullyrðingin var að það sé í lagi að strákur slái stelpu ef hún sló hann fyrst. Af þeim tæpu 29% sem voru því sammála voru drengir sammála í 37% tilfella á móti 19% stúlkna.

Tafla 10: Hlutfall sem voru sammála

	Drengir	Stúlkur	Alls
Það er í lagi að strákur slái kærustu sína ef hún gerir eitthvað sem reitir hann til reiði	14 (6,1%)	2 (1%)	16 (3,7%)
Það er í lagi að strákur slái kærustu sína ef hún niðurlægir hann fyrir framan vini hans	16 (6,9%)	3 (1,5%)	19 (4,3%)
Stelpur eiga stundum skilið að kærastar þeirra slái þær	23 (10%)	3 (1,5%)	26 (5,9%)
Ef stelpa gerir kærasta sinn viljandi afbrýðisaman á hún skilið að vera slegin	19 (8,2%)	4 (1,9%)	23 (5,3%)
Strákar eiga stundum skilið að kærustur þeirra slái þá	43 (18,6%)	22 (10,7%)	65 (14,9%)
Stundum verða strákar að slá kærustur sínar til að hafa betri stjórn á þeim	13 (5,7%)	6 (2,9%)	19 (4,4%)
Það er í lagi að strákur slái stelpu ef hún sló hann fyrst	32 (14,1%)	9 (4,4%)	41 (9,5%)
Það er í lagi að stelpa slái strák ef hann sló hana fyrst	85 (37,3%)	39 (19%)	124 (28,6%)

5.4 Staðalímyndir kynjanna

Af þeim 11 spurningum sem fjalla um staðalímyndir kynjanna snéru fjórar í aðra átt en hinar fimm og verður umfjöllun um niðurstöður úr þeim því tvískipt. Þannig verður í umfjöllun um spurningar 4, 8, 10 og 11 gerð grein fyrir þeim þátttakendum sem voru ósammála í stað sammála líkt og í hinum fullyrðingunum. Svör þátttakenda í spurningum um staðalímyndir kynjanna gefa til kynna að almennt finnist þeim að jafnræði eigi að ríkja milli kynja. Af þeim sem voru sammála (fullyrðingar 1-3, 5-7 og 9) og ósammála (fullyrðingar 4, 8, 10 og 11) voru drengir yfirleitt í miklum meirihluta ($p < 0,05$).

Mesti munurinn var á svörum við fullyrðingunni “stelpur eru alltaf að reyna að ráðskast með stráka” þar sem 37% drengja var sammála þeirri fullyrðingu á móti 8% stúlkna. Áberandi flestir voru sammála því að strákurinn ætti að borga þegar strákur og stelpa fara út saman. Tæp 57% þátttakenda voru sammála þeirri fullyrðingu. Af þeim voru drengir sammála í 60% tilvika en stúlkur í 53% tilvika. Fullyrðingin “það er ekkert að því að stelpa bjóði stráki á stefnumót” var eina fullyrðingin þar sem stúlkur voru í meirihluta þeirra sem voru mótfallnir eða 11% þeirra og 7% drengja. Nokkur kynjamunur var einnig í fullyrðingunum „í

samböndum ætti strákurinn að vera klárari en stelpur“, „það er mikilvægara að strákar standi sig vel í skóla en stelpur“ og „ef báðir aðilar eru útvinnandi ætti maðurinn að taka þátt í heimilisverkunum“.

Tafla 11: Hlutfall þeirra sem voru sammála fullyrðingum 1-3, 5-7 og 9 um staðalímyndir kynjanna

	Drengir	Stúlkur	Alls
Flestum konum er ekki treystandi	33 (14,9%)	12 (5,9%)	45 (10,6%)
Í samböndum ætti strákurinn að vera klárari en stelpur	41 (19,2%)	5 (2,5%)	46 (11,1%)
Stelpur eru alltaf að reyna að ráðskast með stráka	79 (37,4%)	17 (8,3%)	96 (23,1%)
Það er verra fyrir stelpur en stráka að blóta	55 (25,5%)	25 (12,3%)	80 (19,1%)
Þegar strákur og stelpa fara út saman ætti strákurinn að borga	129 (60%)	108 (53,2%)	237 (56,7%)
Almennt séð á pabbinn að ráða meiru en mamman í málefnum fjölskyldunnar	38 (17,7%)	9 (4,4%)	47 (11,3%)
Það er mikilvægara að strákar standi sig vel í skóla en stelpur	36 (16,7%)	5 (2,5%)	41 (9,8%)

Tafla 12: Hlutfall þeirra sem voru ósammála fullyrðingum 4, 8, 10 og 11 um staðalímyndir kynjanna

	Drengir	Stúlkur	Alls
Í samböndum eiga strákurinn og stelpur að ráða jafn miklu	27 (12,4%)	10 (4,9%)	37 (8,7%)
Það er ekkert að því að stelpa bjóði strák á stefnumót	15 (6,9%)	22 (10,8%)	37 (8,8%)
Ef báðir aðilar eru útvinnandi ætti maðurinn að taka þátt í heimilisverkunum, t.d. þvo upp og setja í þvottavélina	52 (24,1%)	20 (9,8%)	72 (17,1%)
Stelpur eiga að hafa jafn mikið frelsi og strákar	14 (6,5%)	8 (3,9%)	22 (5,2%)

6. Umræða

Í þessum kafla verða teknar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar og rannsóknarspurningum svarað.

Niðurstöður ber að taka með fyrirvara, einkum vegna þess hve úrtakið er lítið. Þá svöruðu fáir spurningum um andlegt og líkamlegt ofbeldi, þ.e. einungis þeir sem höfðu verið í föstu sambandi. Í þeim hópi voru 123 þátttakendur af 449 alls.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu beitt ákveðinni tegund líkamlegs ofbeldis var í spurningunum tekið sérstaklega fram að viðkomandi ætti ekki að merkja við ef um sjálfsvörn var að ræða. Í sambærilegum rannsóknum sem gerðar hafa verið um ofbeldi í samböndum meðal fullorðinna hefur þetta hins vegar ekki verið gert og hlotið gagnrýni fyrir (Foshee, 1996 og Swan o.fl., 2008). Þetta verður því að teljast mikill styrkleiki rannsóknarinnar þar sem ofbeldið tekur einungis til raunverulegra gerenda. Þó verður að taka tillit til þess að um unglinga er að ræða sem hugsanlega hafa ekki fullan skilning á því hvað felst í sjálfsvörn.

Af þeim sem höfðu verið í föstu sambandi höfðu rúm 60% svarenda beitt einhverri tegund andlegs ofbeldis að minnsta kosti einu sinni. Á heildina litið voru stúlkur í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem höfðu beitt ákveðinni tegund andlegs ofbeldis. Þetta er í samræmi við niðurstöður Foshee (1996), Wolfe o.fl. (2003) og Jaycox og Aronoff (2004) þar sem stúlkur voru einnig í meirihluta gerenda andlegs ofbeldis. Drengir voru aðeins í tveimur fullyrðingum í meirihluta en þeir höfðu frekar kennt kærustum sínum um slæma hluti sem þeir höfðu gert sjálfir og hót að að meiða þær.

Þegar líkamlegt ofbeldi var skoðað kom í ljós að 36% svarenda höfðu að minnsta kosti einu sinni beitt einhverri tegund líkamlegs ofbeldis og voru stúlkur ekki síður gerendur en drengir. Það er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Malik, o.fl, 1997; Foshee, 1996; Foshee og Arriaga, 2004). Rúmlega 5% þátttakenda höfðu beitt kynferðislegu ofbeldi sem er nokkuð svipaður fjöldi og í skýrslu Barnaverndarstofu (2007) um kynferðislegt ofbeldi en samkvæmt henni höfðu 3% þátttakenda neytt einhvern til kynferðislegra athafna. Hvað mun

á kynjum varðar höfðu drengir frekar beitt grófara ofbeldi eins og að sparka í kærustu sína, snúið upp á handlegg hennar eða lamið með hörðum hlut. Þeir höfðu einnig beitt kærustur sínar kynferðislegu ofbeldi með því að þvinga þær til kynlífsathafna sem þær vildu ekki taka þátt í. Það að strákar hafi frekar beitt kynferðislegu ofbeldi og grófara líkamlegu ofbeldi er sambærilegt við fyrri rannsóknir fræðimanna um kynjamun gerenda (Malik, o.fl., 1997; Foshee, 1996 og Hickman, Jaycox og Aronoff, 2004).

Hvað þolendur ofbeldis varðar höfðu tæplega 77% þátttakenda orðið fyrir andlegu ofbeldi, 49% líkamlegu ofbeldi og 14% kynferðislegu ofbeldi. Hlutfall þolenda andlegs og líkamlegs ofbeldis er í samræmi við rannsókn Tajden og Thoennes (1998) og rannsókn Smith o.fl. (2003). Fjöldi þolenda kynferðislegs ofbeldis var einnig svipaður í þessari rannsókn og í rannsókn Tajden og Thoennes (2006) og Smith o.fl. (2003). Hlutfall þolenda ofbeldis var nokkuð hærra í þessari rannsókn en í rannsókn Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010) þar sem 20% þátttakenda voru þolendur líkamlegs ofbeldis og 6% þolendur kynferðislegs ofbeldis.

Þegar svör við spurningum um viðhorf eru skoðuð kemur í ljós að þó meirihluti svarenda hafi verið mótfallnir því að beita ofbeldi fannst þó 35% í lagi að slá kærustu sína/kærasta sinn. Athygli vekur að hjá þeim sem hafa jákvæð viðhorf til ofbeldis eru drengir í áberandi meirihluta, þ.e. þeim finnst frekar í lagi að beita ofbeldi en stúlkum. Á heildina litið virðist því vera að almennt séu viðhorf unglunga til ofbeldis í nánum samböndum neikvæð. Með neikvæðu viðhorfi er átt við að almennt séu unglingar á móti því að ofbeldi sé beitt í samböndum. Af þeim sem hafa jákvæð viðhorf til ofbeldis í nánum samböndum eru drengir í augljósum meirihluta.

Ástæðurnar fyrir þessum mun á svörum kynjanna geta verið margar. Munurinn er til að mynda í samræmi við það sem Ingólfur V. Gíslason (1997) fjallar um í grein sinni, þ.e. að karlmennska sé tengd karlmönnum og umhyggja tengd konum. Samkvæmt því ættu konur, sem í eðli sínu eru umhyggjuverur, frekar að vera á móti því að ofbeldi sé beitt í samböndum.

Svör stúlkna og drengja um staðalímyndir kynjanna voru að mörgu leyti ólík. Strákarnir voru frekar en stúlkurnar sammála því að konum væri ekki

treystandi, að strákar ættu að vera klárari en stelpur, að kynin ættu ekki að ráða jafn miklu, verra væri fyrir stelpur en stráka að blóta, þabbinn ætti að ráða meiru í málefnum fjölskyldunnar en mamman og að strákar ættu að standa sig betur í skóla en stelpur. Stúlkunum fannst aftur á móti að feður ættu að taka jafnan þátt í heimilisverkum séu báðir aðilar útivinnandi og flestar þeirra voru sammála þeirri fullyrðingu. Þessar niðurstöður gefa til kynna að hugmyndir stúlkna og drengja um staðalímyndir kynjanna séu ólíkar þar sem ímynd drengjanna er ívið karllægari en stúlkanna.

Deila má um hvers vegna hugmyndir drengja og stúlkna um staðalímyndir kynjanna í þessari rannsókn eru jafn ólíkar og raun ber vitni. Hugsanlega skiptir aldursmunur á foreldrum unglínganna máli. Þannig gæti verið að þar sem foreldrar eru eldri sé enn um verkaskiptingu á heimilinu að ræða þannig að konan sinni heimilinu frekar en karlmaðurinn líkt og Ingólfur V. Gíslason fjallar um (1997) og þess vegna séu staðalímyndir drengjanna karllægari en stúlkanna. Einnig gæti verið að drengir séu síður látnir taka þátt í heimilisverkum og þess vegna finnst þeim frekar að konan eigi að sinna heimilinu.

Þegar niðurstöður um andlegt og líkamlegt ofbeldi eru bornar saman við staðalímyndir kynjanna og viðhorf koma niðurstöður ekki mikið á óvart. Allar fullyrðingarnar sem tengdust viðhorfum gengu út á að viðkomandi væri hlynntur eða andvígur að slá (beita líkamlegu ofbeldi). Ekki var hins vegar spurt hvort einstaklingar væru hlynntir eða andvígir niðurlægjandi tali eða hótunum og má því hugsa sér að munur á kynjum hefði verið annar hefði verið spurt um viðhorf til andlegs ofbeldis. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu svo í ljós að stúlkur voru líklegri til að beita líkamlegu ofbeldi en drengir. Það er ekki í samræmi við niðurstöður um viðhorf, þar sem stúlkum fannst síður í lagi að slá en drengjum.

Lokaorð

Fyrri rannsóknir sem og þessi rannsókn sýna að því miður er of algengt að unglingar beiti ofbeldi í samböndum. Það að rúmum þriðjung þátttakenda finnst í lagi að slá þykir höfundu vera allt of hátt hlutfall fyrir ekki eldri krakka. Þessar tölur sýna að mikil þörf er á að breyta viðhorfi unglunga til ofbeldis í von um að það muni skila sér með færri gerendum og þolendum.

Með tilliti til þeirra slæmu afleiðinga sem ofbeldi í nánnum samböndum hefur á þolendur þess og samfélagið í heild er augljóst að grípa þarf í taumana til að draga úr slíku ofbeldi.

Unglingsárin eru mikilvægustu mótunarár hvers einstaklings og mótast viðhorf hans ekki síst á því skeiði af viðhorfum vina, áhrifum og viðhorfum foreldra og mörgu fleira. Þar sem ofbeldi í parasamböndum hefst oft á unglingsárum er mikilvægt að unglungum verði kennd jákvæð samskipti og fái fræðslu um ofbeldi í samböndum og afleiðingar þess. Telur höfundur forvarnarefnið *Örugg saman* gagnlegt og æskilegt í þeim tilgangi. Námsefnið hefur reynst vel erlendis meðal annars til að breyta viðhorfum og staðalímyndum kynjanna og til að draga úr ofbeldi í nánnum samböndum. Af þeirri ástæðu mætti láta á reyna hvort ekki væri sama uppi á teningnum hér á landi. Þá væri mjög áhugavert að leggja spurningalistann fyrir eldri nemendur, til dæmis nemendur í framhaldsskólum landsins. Líklegra er að framhaldsskólanemar hafi verið í föstu sambandi en grunnskólanemar og mætti því ætla að betri svörun fengist.

Heimildir

- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin. (2007). *Preventing injuries and violence: A guide for ministries of health*. Sótt 24. febrúar 2011 af http://whqlibdoc.who.int/publications/2007/9789241595254_eng.pdf.
- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin. (2010). *Preventing intimate partner and sexual violence against women: Taking action and generating evidence*. Sótt 24. febrúar 2011 af http://www.who.int/violence_injury_prevention/publications/violence/9789241564007_eng.pdf.
- Arriaga, X. og Foshee, V. A. (2004). Adolescent Dating Violence: Do Adolescents Follow in Their Friends', or Their Parents', Footsteps? [rafræn útgáfa]. *Journal of Interpersonal Violence, 19*, 162-184.
- Ashley, O. S. og Foshee, V. A. (2005). Adolescent help-seeking for dating violence: prevalence, sociodemographic correlates, and sources of help [rafræn útgáfa]. *Journal of Adolescent Health, 36*, 25-31.
- Bandura, A. (1977). *Social learning theory*. New York: Prentice-Hall.
- Banyard, V. L. og Cross, C. (2008). Consequences of Teen Dating Violence: Understanding Intervening Variables in Ecological Context [rafræn útgáfa]. *Violence Against Women, 14*, 998-1013.
- Barnaverndarstofa. (2007). *Könnun á kynferðislegri misnotkun gegn börnum á Íslandi*. Sótt 18. mars 2011 af <http://www.bvs.is/files/file539.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (2010). *Ársskýrsla 2008-2009*. Sótt 19. febrúar 2011 af <http://www.bvs.is/files/file874.pdf>.
- Bergman, L. (1992). Dating Violence against High School Students [rafræn útgáfa]. *Social Work, 37*, 21-27.
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss, Vol. 1: Attachment*. New York: Basic Books.
- Campbell, J. C. (2002). Health consequences of intimate partner violence [rafræn útgáfa]. *Lancet, 359*, 1331-1336.
- Dobash, R. W. og Dobash, R. P. (1992). *Women, violence, and social change*. New York: Routledge.
- Eaton, D. K., Davis, K. S., Barrios, L., Brener, N. D. og Noonan, R. K. (2007). Associations of Dating Violence Victimization With Lifetime Participation, Co-Occurrence, and Early Initiation of Risk Behaviors Among U.S. High School Students [rafræn útgáfa]. *Journal of Interpersonal Violence, 5*, 585-602.

- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi* [rafræn útgáfa]. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bara- og fjölskylduvernd.
- Foshee, V. A. (1996). Gender differences in adolescent dating abuse prevalence, types and injuries [rafræn útgáfa]. *Health education research, 11*, 275-286.
- Foshee, V. A., Bauman, K. E., Arriaga, X. B., Helms, R. W., Koch, G. G. og Linder, G. F. (1998). An Evaluation of Safe Dates, an Adolescent Dating Violence Prevention Program [rafræn útgáfa]. *American Journal of Public Health, 88*, 45-49.
- Foshee, V. A., Bauman, K. E. og Linder, G. F. (1999). Family Violence and the Perpetration of Adolescent Dating Violence: Examining Social Learning and Social Control Processes [rafræn útgáfa]. *Journal of Marriage and the Family, 61*, 331-342.
- Foshee, V. A., Bauman, K. E., Greene, W. F., Koch, G. G., Linder, G. F. og MacDougall, J. E. (2000). The Safe Dates Program: 1-Year Follow-Up Results [rafræn útgáfa]. *American Journal of Public Health, 90*, 1619-1622.
- Foshee, V. A., Linder, F., MacDougall, J. E og Bangdiwala, S. (2001). Gender Differences in the Longitudinal Predictors of Adolescent Dating Violence [rafræn útgáfa]. *Preventive Medicine, 32*, 128-141.
